Ed. **19. Breytingartillögur** [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni og Friðjóni Skarphéðinssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Fyrir „Urðum“ í C. 51 komi: Skallá.
2. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan brúar á Skíðadalsá, inn Skíðadal að vestan að innri brú á Skíðadalsá.
3. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga, með álmu að gamalmennahælinu í Skjaldarvík, um Dagverðareyri, Gásir, Skipalón og Hlaðir á Dalvíkurveg við Hörgárbrú.
4. C. 57 orðist svo:
   Tjarnavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará að Tjörnum.
5. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
   Sölvadalsvegur: Frá brú á Eyjafjarðará hjá Saurbæ inn Sölvadal að Þormóðsstöðum.